



16. stjórnarfundur LH

Haldinn á Akureyri 29. janúar 2016 kl. 13:00

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Haukur Baldvinsson, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Eyþór Jón Gíslason ritari, Stella Björg Kristinsdóttir

Mættir úr varastjórn: Helga Björg Helgadóttir, Hrönn Kjartansdóttir

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

- 1. Kynning á Fundi með forseta FEIF deiginum áður** - Lárus kynnti fyrir fundarmönnum það sem fór fram á fundi sem hluti stjórnar átti með Gunnari Sturlusyni formanni FEIF vegna fyrirhugaðs FEIF þings 4.-7. febrúar.
 - 2. Fundargerð 15. stjórnarfundar** – Samþykkt fundargerðar frestað til næsta fundar.
 - 3. Íslandsmót** - Lárus fór yfir nýgerðan samning um Íslandsmót við mótshaldara þar sem skert er á kostnaði vegna Sjónvarps ásamt auglýsingatekjum. Samningur samþykktur.
 - 4. LM 2018 samningur við Fák** - Lárus fór yfir nýgerðan samning við hestamannafélagið Fák vegna Landsmóts hestamanna 2018. Í þeim samningi kemur fram að Fákur mun greiða Landsmóti hestamanna ehf. 11,5-15 milljónir fyrir mótið. Landsmót mun eiga allar upptökur af mótinu en Fákur mun sjá um rekstur þess. Töluverðar umræður urðu vegna þess tímaramma sem stjórnarmenn höfðu til að fara yfir samninginn.

Í umræðunum kom fram að samningurinn var samþykktur samhljóða af stjórn á fundi hennar 25. ágúst 2015. Brugðist var við þeim atriðum sem komu fram og meginmarkmið stjórnar LH náðust í samningagerðinni. Fundargerð þessa fundar var samþykkt.
- Bókun: „Andrea M. Þorvaldsdóttir biður um að bókað verði í fundargerð að hún samþykki ekki samninginn um LM2018 við Fák. AMP gerir ekki athugasemdir við innihald samningsins en gerir miklar athugasemdir við aðferðina sem notuð var við samþykkt hans og undirritun“.
- 5. Vinnudagur stjórnar** - Vinnudagur ákveðinn sunnudaginn 21. febrúar.
 - 6. World Tölt í Odense 26. -27. febrúar 2016** - Umræður urðu vegna breytingar á dagsetningu vinnuhelgar þar sem Lárus fer á World Tölt þessa helgi. Lárus fór yfir ferlið hvernig staðið var að því að finna fulltrúa á World Tölt.
 - 7. Hestadagar í Reykjavík** - Helga fór yfir stöðu Hestadaga í Reykjavík. Búið er að setja á fund með nefndinni ásamt Íslandsstofu og mun Magnús Benediktsson koma að verkefninu með nefndinni. Hugmyndin er að virkja öll hestamannafélög á landinu og hafa Hestadaga frá 30. apríl til 1. maí. Mun Íslandsstofa koma að markaðsmálum með nefndarmönnum.



9. Afrekshópur - Jóna Dís fór yfir stöðu afrekshóps LH. Unnið er að gerð á auglýsingu og mun Páll Bragi halda utanum hópinn. Eitthvað þátttökugjald mun verða og skýrar reglur um hvernig verður valið í hópinn ásamt reglum sem aðilar þurfa að fylgja til að vera í hópnum. Um þessar mundir er verið að vinna að kostnaðaráætlun. Borin var upp tillaga hvort stjórn LH ætti að styrkja verkefnið. Samþykkt var að styrkja verkefnið um allt að 500.000.

8. Skógarhólar - Ólafur fór yfir stöðu Skógarhóla og kom fram að Skógarhólar skiluðu 300.000 vegna samnings sem var gerður við rekstraraðila. 250.000 fóru í viðgerð vegna íkveikju sem varð á staðnum í sumar. Búið er að óska eftir frekari skýrslu frá rekstaraðilum. Rætt var um að skipta þurfi um stjórn í Skógarhólum ehf. Tillaga var borin upp þess efnis að stofnuð yrðu Hollvinasamtök Skógarhóla og var hún samþykkt.

10. Starfsmannamál - Lárus fór yfir stöðu á starfsmannamálum bæði hvað varðar Landsmót hestamanna ehf. og LH.

11. Önnur mál

- Enn er beðið eftir skýrslu frá keppnisnefnd.

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:25